

# Leiðbeiningar



Afskriftir

10.03.2017

Tilvísun: OS2017010061

## Afskriftarreglur

Orkustofnun gefur út samræmdar afskriftarreglur eftir eignaflokkum. Afskriftarreglurnar gilda bæði fyrir flutningsfyrirtæki og dreifiveitur raforku.

Athygli er vakin á því að um hámarksafskriftaprósentu er að ræða þannig að heimilt er að afskrifa eignaflokka á lengri tíma þ.e. með lægri afskriftarprósentu. Afskriftaprósentur skulu vera eftirfarandi fyrir neðangreinda eignaflokka:

	Afskr.%	Ár
Fasteignir, skrifstofubyggingar	2,00%	50,00
Fasteignir, aðrar byggingar	4,00%	25,00
Dreifikerfi, rafveita	4,00%	25,00
Áhöld og tæki í orkuverum	20,00%	5,00
Bifreiðar, vinnuvélar	20,00%	5,00
Skrifstofu- og tölvubúnaður	20,00%	5,00
Háspennulínur - Flutningslínur	2,00%	50,00
Tengivirki - Flutningur	2,50%	40,00
Hjálparbúnaður - Flutningur	5,00%	20,0
Jarðstrengir ( $\leq 66$ kV)	3,30%	30,30
Jarðstrengir ( $> 66$ kV)	2,00%	50,00
Orkumælar	6,25%	16,00
Dísilstöðvar	20,00%	5,00
Raforkuframleiðsla	1,67%	60,0

Þegar sýnt er fram á að notkunartími eignar er minni en 5 ár er heimilt að fyrna þær á notkunartíma. Slíka beiðni skal senda skriflega til Orkustofnunar.

Hrakvirði eigna skal miða við 10% stofnkostnaðar. Í sérstökum tilfellum er heimilt að óska eftir að miða við annað hrakvirði en 10%. Slík beiðni skal rökstudd og send skriflega til Orkustofnunar.

Þessar leiðbeiningar gilda frá 1.4.2017.